



Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík, 30. maí 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (hækkun hlutfalls endurgreiðslu), 152. löggjafarþing 2021-2022, 692. mál.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“) og Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (hér eftir „SÍK“), aðildarsamtök SI, hafa tekið til umsagnar frumvarp um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi er fjallar sérstaklega um hækkun endurgreiðslu upp í 35% fyrir afmörkuð stærri verkefni.

SI og SÍK fagna því að hækka eigi hlutfall endurgreiðslu upp í 35% með það að markmiði að styrkja endurgreiðsluferfið og þannig efla alþjóðlega samkeppnishæfni þess. Undanfarin ár hafa SI og SÍK í málflutningi sínum lagt áherslu á jákvæð hagræn áhrif endurgreiðsluferfisins og aukna verðmætasköpun sem kerfið hefur leitt af sér. Það er því fagnaðarefni að stjórnvöld sýni vilja í verki og styðji við greinina með hækkun endurgreiðsluhlutfalls. Nánar verður fjallað um einstök atriði hér í framhaldi.

### **Framleiðslukostnaður**

Í 1. tl. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að framleiðslukostnaður sem fellur til við framleiðslu viðkomandi kvikmyndar eða sjónvarpsefnis hér á landi skuli að lágmarki vera 200 m.kr. Að mati SI og SÍK er umrætt skilyrði of íþyngjandi og þannig falla fá verkefni þar undir. SI og SÍK leggja til að ofangreind fjárhæð skuli miðast við 150 m.kr. enda myndi slíkt viðmið þjóna fleiri stórum verkefnum. Þá myndi 150 m.kr. viðmið styðja við markmið stjórnvalda um að styrkja kvikmyndaíðnað á Íslandi með fjölgun verkefna í greininni, fjölgun innlendra starfsmanna og uppbyggingu aðstöðu fyrir kvikmynda- og sjónvarpsgerð.

### **Fjöldi starfsmanna**

Í 3. tl. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fjöldi starfsmanna sem vinna beint að verkefni skuli að lágmarki vera 50 manns. SI og SÍK leggja áherslu á að ákvæðið verði útfært nánar og þannig skýrt kveðið á um hvaða aðilar teljast vinna „beint að verkefni“. SI og SÍK telja mikilvægt að ákvæðið taki til allra aðila sem koma að gerð verkefnis hverju sinni, þ.e. allt frá upphafi ferils til eftirvinnslu verkefnisins.

### **Lokaorð**

Líkt og áður greinir fagna SI og SÍK boðaðri hækkun á hlutfalli endurgreiðslna en í því samhengi vilja SI og SÍK hvetja stjórnvöld til þess að líta til heildrænna áhrifa endurgreiðsluferfisins. Í því samhengi leggja SI og SÍK til að hækkað verði hlutfall endurgreiðslna þeirra verkefna sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði. Líkt og stjórnvöld hafa kveðið á um er mikilvægt að greinin vaxi og dafni með vísan í menningarígildi og íslenska tungu. Með því að hækka hlutfall endurgreiðslna þeirra verkefna sem ekki falla



undir ofangreind skilyrði frumvarps þessa væri komið til móts við verkefni sem sannanlega eru mikilvæg fyrir íslenska menningu. Mikilvægt er að sporna gegn því að framleiðsla minni verkefna, sem þýðingarmikil er í listrænu og menningarlegu samhengi, verði eftirbátur í sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu. Í því samhengi verður ekki hjá því litið að nefna mikilvægi þess að huga að varðveislu íslenskrar tungu, listrænu ígildi, stuðningi við framleiðslu, uppbyggingu fagþekkingar og atvinnusköpun í greininni.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Lilja Björk Guðmundsdóttir'.

---

Lilja Björk Guðmundsdóttir,  
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins